



Auglýsing um forsetakosningar laugardaginn 30. júní 2012

Upplýsingar um framlagningu kjörskrár og framkvæmd forsetakosninga í Norðurþingi.

Frá 20. júní 2012 til kjördags liggur kjörskrá vegna forsetakosninganna 30. júní 2012 frammi á skrifstofum Norðurþings á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Athugasemdir skulu berast bæjarstjórn Norðurþings.

Rétt til að kjósa á kjörfundi á kosningadaginn 30. júní 2012, hafa allir 18 ára og eldri sem eru á kjörskrá. Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki. Norðurþingi er skipt niður í eftirfarandi 5 kjördeildir:

- **Kjördeild I og II – Borgarhólsskóla Húsavík**

Fyrir íbúa Húsavíkur og Reykjahverfis. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-22:00.

Inngangur í Borgarhólsskóla að austanverðu, gegnt Framhaldsskólanum á Húsavík.

- **Kjördeild III – Skúlagarði**

Fyrir íbúa Kelduhverfis. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-18:00.

- **Kjördeild IV – Skólahúsinu Kópaskeri**

Fyrir íbúa Kópaskers og Öxarfjarðar. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-18:00.

- **Kjördeild V – Grunnskólanum á Raufarhöfn**

Fyrir íbúa Raufarhafnar og nágrennis. Kjörfundur er opinn kl. 10:00-18:00.

Allar nánari upplýsingar um framkvæmd forsetakosninganna fást hjá Norðurþingi í síma 464-6100 og á upplýsingavefnum www.kosning.is.

Yfirkjörstjórn Norðurþings

Ágúst Sigurður Óskarsson
Hanna Ásgeirsdóttir
Höskuldur Skúli Hallgrímsson